

Starfsleyfi  
viðskiptabanka

Fjármálaeftirlitið gjörir kunnugt:


MP banki hf.

hefur í dag fengið auknar starfshemildir við starfsleyfi sitt sem viðskiptabanki skv. 1. tölulið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið veitti MP banka hf., kt. 540502-2930, starfsleyfi sem viðskiptabanki þann 11. apríl 2011.

Starfsleyfi MP banka hf. tekur til móttöku endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi skv. 1. tl., útlána skv. 2. tl., útgáfu og umsýslu rafeyris skv. 5. tl. og viðskipta og þjónustu með fjármálagerninga samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti sem felst í móttöku og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga skv. tölulið 6 a, framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina skv. tölulið 6 b, eignastýringu skv. tölulið 6 c, fjárfestingarráðgjöf skv. tölulið 6 d, sölutryggingu í tengslum við útgáfu fjármálagerninga og/eða útboð fjármálagerninga skv. tölulið 6 e og umsjón með útboði fjármálagerninga án sölutryggingar og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skv. tölulið 6 f í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

MP banki hf. hefur upplýst Fjármálaeftirlitið að félagið hyggist stunda þá starfsemi á grundvelli 1. mgr. 20. og 1. mgr. 25. gr. laga nr. 161/2002 sem upp er talin í viðauka við starfsleyfi þetta. Viðaukinn telst hluti starfsleyfisins og er féluginu óheimilt að hefja nýja starfsemi án þess að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um slíkt fyrirfram og óska eftir viðtækara starfsleyfi.

Reykjavík, 14. febrúar 2013



Unnur Gunnarsdóttir



Halldóra E. Ólafsdóttir

## Viðauki við starfsleyfi

### MP banki hf.

MP banki hf. hefur kunngjört að félagið hyggist stunda eftirtalda starfsemi á grundvelli 1. mgr. 20. gr. laga nr. 161/2002:

1. Móttöku innlána og annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi.
2. Útlánastarfsemi:
  - a) neytendalán
  - b) langtímoveðlán
  - c) kröfukaup og kaup skuldaskjala og
  - d) viðskiptalán.
3. Fjármögnumnarleigu.
4. Greiðslubjónustu samkvæmt lögum um greiðslubjónustu.
5. Útgáfu og umsýslu greiðsluskjala, svo sem ferðatékka og víxla.
6. Veitingu ábyrgða og trygginga.
7. Viðskipti fyrir eigin reikning eða fyrir viðskiptavini með:
  - a) greiðsluskjöl á peningamarkaði (ávísanir, víxla, önnur sambærileg greiðsluskjöl o.s.frv.),
  - b) erlendan gjaldeyri,
  - c) framvirka samninga og skiptirétt (vilnanir),
  - d) gengisbundin bréf og vaxtabréf og
  - e) verðbréf.
8. Þátttöku í útboðum verðbréfa, þjónustuviðskipti sem tengjast slíkum útboðum og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.
9. Ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu höfuðstóls, áætlanagerð og skyld mál og ráðgjöf og þjónusta varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
10. Peningamiðlun.
11. Stjórnun og ráðgjöf varðandi samval verðbréfa.
12. Vörslu og ávöxtun verðbréfa.
13. Upplýsingar um lánstraust (lánshæfi).


Þá mun MP banki hf. veita eftirtalda þjónustu á grundvelli 1. mgr. 25. gr. laga nr. 161/2002:

1. Þjónusta
  - a) Móttaka og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga.
  - b) Framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina.
  - c) Viðskipti með fjármálagerninga fyrir eigin reikning.
  - d) Eignastýring.
  - e) Fjárfestingarráðgjöf.


- f) Sölutrygging í tengslum við útgáfu fjármálagerninga og/eða útboð fjármálagerninga.
  - g) Umsjón með útboði fjármálagerninga án sölutryggingar og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.
2. Viðbótarþjónusta
- a) Varsla og stjórnun í tengslum við einn eða fleiri fjármálagerninga fyrir reikning viðskiptavinar, þ.m.t. vörlu fjármálagerninga og tengdrar þjónustu, svo sem vegna fjármuna eða trygginga.
  - b) Veiting lánsheimilda, ábyrgða eða lána til fjárfestis þannig að hann geti átt viðskipti með einn eða fleiri fjármálagerninga ef verðbréfafyrirtæki sem veitir lánsheimildina eða lánið annast viðskiptin.
  - c) Ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu eigin fjár, stefnumótun og skyld mál og ráðgjöf og þjónusta varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
  - d) Þjónusta í tengslum við sölutryggingu.
  - e) Gjaldeyrispjónusta ef umrædd viðskipti eru liður í fjárfestingarþjónustu.
  - f) Fjárfestingarrannsóknir og greining eða annað form af almennum ráðleggingum í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga.
  - g) Þjónustu í tengslum við undirliggjandi eignir afleiðusamninga skv. e- og h-lið 2. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfaviðskipti þegar þær tengjast þeirri þjónustu sem er veitt skv. 1. og 2. tölul.

Viðauki þessi er hluti starfsleyfis MP banka hf. og er félaginiu óheimilt að hefja nýja starfsemi án þess að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um slíkt fyrirfram og óska eftir víðtækara starfsleyfi.

Reykjavík, 14. febrúar 2013



Unnur Gunnarsdóttir



Halldóra E. Ólafsdóttir